

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 10/2007 um breytingu á reglum um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkurflugvöll.

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið með ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 10/2007 að frá og með 1. nóvember 2007 skulu taka gildi breyting á reglum um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkurflugvöll, þess efnis að öll flugtök, landingar og loftakstur þyrlna á athafnasvæði Fluggarða verði bannaður. Til samræmis breytist ákvæði 20. gr. reglna um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkurflugvöll og verður svohljóðandi:

20. gr.

Akstur loftfara, ökutækja og vinnuvéla innan Fluggarða

Flugtök, landingar og loftakstur þyrlna er óheimill á svæði Fluggarða.

Akstri ökutækja og vinnuvéla innan Fluggarða skal haldið í lágmarki. Ökumenn sem aka um Fluggarða skulu gæta ýtrasta öryggis og ávallt veita umferð loftfara og fótgangandi vegfarenda forgang.

Hámarks hraði ökutækja í Fluggörðum er 20 km/klst.

Með vísan til 1. og 5. mgr. 70. gr., sbr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálaláhandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 er ákvörðun þessi birt í flugmálaláhandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Reykjavík, 1. nóvember 2007


i.h. flugmálastjóra


Einar Örn Héðinsson
framkvæmdastjóri flugöryggissviðs

Auglýsing
um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 10/2007

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið með ákvörðun Flugmálastórnar Íslands nr. 10/2007 að frá og með 1. nóvember 2007 skulu taka gildi breyting á reglum um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkurflugvöll, þess efnis að öll flugtök, landingar og loftakstur þyrlna á athafnasvæði Fluggarða á Reykjavíkurflugvelli verði bannaður. Til samræmis breytist ákvæði 20. gr. reglna um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkurflugvöll.

Með vísan til 1. og 5. mgr. 70. gr., sbr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálalagabók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 er ákvörðun þessi birt í flugmálalagabók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Reykjavík, 1. nóvember 2007


i.h. flugmálastjóra

Einar Örn Héðinsson
framkvæmdastjóri flugöryggissviðs